

Kennari:
Brynja Stefánsdóttir
Bjarni Þórarinn Hallfreðsson
Ninna Stefánsdóttir

Kennslufyrirkomulag:
Kennsla inn í bekk og
í náttúrufræðistofu

Tímafjöldi:
4 kennslustundir á viku

Bekkur:
7. bekkur

Samfélags- og náttúrufræði

Náttúrugreinar er yfirheiti á m.a. náttúrufræði, eðlisvísindi, jarðvísindi, lífvísindi og umhverfismennt. Námið fléttar saman efnisþætti náttúrugreina og viðmið sem varða eflingu ábyrgðar á umhverfinu, vinnubrögð og gildi náttúrugreina, nýsköpun og hagnýtingu þekkingar og getu til aðgerða.

Samfélagsgreinar eru þær greinar sem fjalla um manninn, samfélög og menningu á upplýsandi og gagnrýninn hátt. Þær greina einingar samfélags og umhverfis frá hinum minnstu (einstaklingi, fjölskyldu, heimabyggð) til hinna stærstu (þjóða, heims, vistkerfa). Samfélagsgreinar spanna fjölbættar námsgreinar eins og sögu, landafræði, þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleikni og heimspeki ásamt siðfræði.

Samfélags- og náttúrugreinar stuðla að þekkingu, virðingu, ábyrgð, skilningi og upplifun nemenda á mörgum þeim hugmyndum og hugsjónum sem liggja til grundvallar á viðhorfum okkar til umhverfis, auðlinda, tækni, menningar og sögu. Jafnframt er nemendum gert kleift að greina eigin stöðu og hæfni, efla eigið læsi, siðferðisstyrk, tilfinningar og sköpunarmátt.

Einnig að fræða nemendur um gildi eins og jafnrétti, lýðræði, umhyggju og virðingu og þýðingu þessara gilda fyrir farsælt líf. Mikilvægt er að nemendur að nemendur tileinki sér réttisýni sem meðal annars byggir á hæfni til þess að setja sig í spor annarra og hæfni til þess að sjá fyrir afleiðingar gerða sinna fyrir umhverfið og þjóðfélagið í heild. Samfélagsgreinar örva bæði skapandi og gagnrýna hugsun og hvetja nemendur til þess að færa rök fyrir máli sínu og meta samkvæmni í skoðunum. Námi í siðfræði og trúarbragðafræði er ætlað að stuðla að menntun og þroska nemenda og efla skilning þeirra á íslensku samfélagi og menningu í fortíð og nútíð.

Samfélagsfræði

Námsþættir:	Þema:	Hæfniviðmið: <i>Að nemandi geti:</i>	Leiðir:
<p>Reynsluheimur</p> <p>Umhverfi, saga, samfélag og menning: Hæfni nemanda til að skilja veruleikann.</p>	<p>Fjármál</p> <p>Náttúru-Hamfarir</p> <p>Sjálfbærni</p> <p>Auðlindir</p> <p>Landfræði</p> <p>Saga</p> <p>Eurovision</p> <p>Trú og hefðir</p>	<ul style="list-style-type: none"> – rætt um ábyrga neyslu og hegðun – vegið og metið eigin hugmyndir um fjárhagslegt frelsi – lýst náttúruferlum sem hafa áhrif á land og gróður – útskýrt hugtakið sjálfbærni – lýst með dæmum áhrifum tækni og mannlegra athafna á samfélag og umhverfi – gert sér grein fyrir nýtingu og vernd auðlinda – átti sig á hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á búsetu og lífsskilyrði – rætt á upplýstan hátt um tímabil, atburði og persónur, sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu – velt fyrir sér ýmsum þáttum sem sagan hefur mótast af, svo sem umhverfi, samfélagsskipulagi og þjóðfélagsshreyfingum – greint hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum – skýrt tengsl samfélags, náttúru, trúar og lífsviðhorfa fyrr og nú – gert grein fyrir völdum frásögnum, hefðum, hátíðum, siðum og táknum í kristni og nokkrum helstu trúarbrögðum heims – borið saman valin trúar- og lífsviðhorf og áhrifum þeirra á líf fólks – nefnt dæmi um áhrif helgirita helstu trúarbragða á menningu og samfélög – borið kennsl á trúarlegar vísanir og tjáningu í listum og bókmenntum 	<p>Lestur</p> <p>Umræður</p> <p>Paravinna</p> <p>Hópavinna</p> <p>Innlögn</p> <p>Veggspjöld</p> <p>Myndefni</p> <p>Hlustunarefni</p>

Hugarheimur <i>Sjálfsmynd: Hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum.</i>	Sjálfbærni Auðlindir	<ul style="list-style-type: none"> – rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra – séð gildi slysavarna og viðbragða við slysum í heimahúsum, nærsamfélagi og náttúrunni 	
Námsmat:	Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti. Lögð er áhersla á að námsmat sé leiðbeinandi fyrir nemendur: alltaf í samræmi við stöðu þeirra og vísi þeim veginn áfram í náminu.		

Náttúrufræði			
Námsþættir:	Þemu:	Hæfniviðmið: <i>Að nemandi geti:</i>	Leiðir:
Lífsskilyrði manna	Sjálfbærni og auðlindir Landafræði	<ul style="list-style-type: none"> - sagt frá helstu ógnum á umhverfið og hvernig maðurinn tengist því - útskýrt loftslagsbreytingar 	Lestur Innlögn Umræður Áhorf Hugtakavinna Paravinna Hópavinna Athuganir Verklegar Æfingar Útikennsla
Náttúra Íslands	Sjálfbærni og auðlindir Náttúruhamfarir	<ul style="list-style-type: none"> - lýst mismunandi orkuformum - lýst því hvernig rafmagn verður til - útskýrt hvar og af hverju helstu náttúruhamfarir verða 	
Heilbrigði umhverfisins	Efnafræði Sjálfbærni og auðlindir Umhverfisfræði	<ul style="list-style-type: none"> - útskýrt efnabreytingar og nefnt dæmi - útskýrt hamskipti og nefnt dæmi - útskýrt hugtakið auðlind og hvernig menn nýta þær - flokkað úrgang eftir helstu flokkunarleiðum - útskýrt tilgang flokkunar 	
Ábyrgð á umhverfinu	Umhverfisfræði	<ul style="list-style-type: none"> - komið með dæmi þar sem maðurinn hefur áhrif á náttúruna - tekið þátt í umræðum um þróun umhverfismála - tekið þátt í verkefni tengdum umhverfismálefnum - tekið þátt í umræðu um heimabyggð og komið með hugmyndir að því sem mætti laga 	

Geta til aðgerða	Sjálfbærni og auðlindir Umhverfisfræði	<ul style="list-style-type: none"> - áttað sig á hvernig tækninotkun og sjálfvirkni hefur áhrif á lífsgæði íbúa og umhverfis þeirra - metið stöðu umhverfismála í heimabyggð - rætt mikilvægi samvinnu í samstilltum aðgerðum sem varða eigið umhverfi - tekið þátt í umræðum sem tengjast umhverfismálefnum í heimabyggð 	
Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu	Efnafræði Sjálfbærni og auðlindir	<ul style="list-style-type: none"> - sagt frá algengum sterkum efnum sem notuð eru á heimilum og í samfélaginu - sagt frá skaðsemi sterkra efna á heilsu manna og umhverfis - greint frá tækninýjungum og vísindauppgötvunum og sagt hvernig þær hafa áhrif á líf og tilveru 	
Vinnubrögð og færni	Efnafræði	<ul style="list-style-type: none"> - framkvæmt einfaldar athuganir 	
Gildi hlutverka vísinda og tækni	Sjálfbærni og auðlindir	<ul style="list-style-type: none"> - lesið og notað hugtök út umhverfisfræði - lesið og notað hugtök úr eðlisfræði - esið og notað hugtök úr efnafræði 	
Nýsköpun og hagnýting þekkingar	Sjálfbærni og auðlindir	<ul style="list-style-type: none"> - greint frá tækninýjungum og vísindauppgötvunum og sagt hvernig þær hafa áhrif á líf og tilveru - áttað sig á hvernig tækninotkun og sjálfvirkni hefur áhrif á lífsgæði íbúa og umhverfis þeirra 	
Námsmat:	Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.		